



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu ráðstefnunnar
Ríkar þjóðir og snauðar
Þróunarsamvinnustofnun Íslands – Háskóli Íslands
15. september 2003

Heiðruðu ráðstefnugestir

Við vorum um aldir fátækasta þjóðin í álfunni; barnadauði, hungur og áþján hlutskipti kynslóðanna, bundin í fjötra erlends valds, án réttar eða getu til að láta að okkur kveða.

Í rauninni voru örlög Íslendinga sömu ættar og glíma þjóða sem á síðustu öld hlutu sjálfstæði og hófu vegferð til velferðar og framfara sem reynst hefur mörgum ærið torsótt. Sumar urðu ríkar, aðrar eru enn að glíma við skort.

Hvað veldur slíkum gæfumun? Eru það fjötrar loftslags eða einhæfra náttúrugæða? Er það arfleifð nýlenduherra? Eru það mistök í stjórnarhari, spilling eða valdagræðgi? Er það leiðsögn alþjóðlegra lánadrottna, kenningar misviturra sérfræðinga, spennitreyjan sem regluverk viðskiptaheimsins hefur skapað? Er til alhlít skýring á hvers vegna sumum hefur farnast vel en öðrum illa?

Það er lofsvert framtak að efna hér til málþings um þessi efni og þjóða til leiks heimsþekktum fræðimanni sem notið hefur trausts stjórnvalda í mörgum löndum, byggt upp þekkingarbanka um reynslu þjóða víða um heim og er nú sérstakur trúnaðarmaður Kofí Annan.

Það er vinarbragð sem Jeffrey Sachs sýnir enn á ný Íslendingum með því að taka þátt í rökræðum okkar á heimavelli og ég minnst einnig fróðlegrar ráðstefnu sem hann efndi til í Harvard fyrir rösku ári um stöðu smárikja á tímum alþjóðavæðingar viðskiptanna og kaus þá að gera Ísland, reynslu okkar og árangur, að þungamiðju í umfjölluninni. Jeffrey Sachs hefur einnig eftir að hann gerðist sérstakur ábyrgðarmaður um framkvæmd þúsaldarstefnuskrár sem þjóðarleiðtogar sammæltust um lýst áhuga á að Íslendingar létu að sér kveða í mótun nýrrar stefnu um

verndun og nýtingu auðlinda hafsins, en mjög skortir á að þjóðir heims hafi veitt því verkefni þann forgang sem nauðsynlegur er eigi að komast hjá enn frekari skaða á því sviði.

Ég færi Þróunarsamvinnustofnun Íslands og framkvæmdastjóra hennar einnig sérstakar þakkir fyrir að hafa tekið frumkvæði að málþinginu sem við hefjum nú því nauðsynlegt er að við Íslendingar verðum gjaldgengir í þeirri brýnu umræðu sem fram fer víða um heim um hvernig hægt sé að leysa þjóðir úr fátæktarfjötrum og færa milljörðum manna raunhæfar vonir um betra líf. Þátttaka utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands hér í dag er og fyrirheit um að viðfangsefnið verði áfram á dagskrá.

Við Íslendingar höfum á undanförnum áratugum viðað að okkur verulegri reynslu í þróunarstarfi, fyrst í félagi við frændur okkar á Norðurlöndum en síðan í vaxandi mæli á eigin vegum; getum líka sótt margháttadan efnivið í reynslusjóði hér á heimslóð, í glímu bænda og fiskimanna á fyrri tíð við verkefni sem nútíminn skóp, breytta skipan framleiðslu- og sölustarfs sem og átök og erfiðleika sem fylgdu því að gera einhæft atvinnulíf fjölþættara, breyta framleiðslu í þróaðan efnahag sem byggður væri á fremstu tækni og stöðugleika í hagstjórninni.

Okkur er jafnframt hollt að minnst þegar við förum að gefa öðrum ráð að stórbrotin mistök voru tíðum gerð á hinni íslensku vegferð, að bábiljur og annarleg ítök skákuðu oft skynsemi og faglegru hæfni, að lengi vel börðu menn hausnum við steininn og villtust inn í æði mörg öngstræti.

Þau voru ófá árin sem þannig fóru í súginn, kannski áratugir ef vel er að gáð, og hollt að spyrja okkur sjálf hví svo erfitt reyndist að koma Íslandi í fremstu röð.

Ég er sannfærður um að eigin reynsla, sé hún skoðuð heiðarlega og hispurslaust, getur orðið okkur drjúgur efniviður í umfjöllun um margvíslegan vanda sem nú þjakar daglega önn í öðrum álfum. Við erum í ljósi þessarar nýfengnu reynslu líka betur sett en aðrir Evrópubúar til vekja trú á nýjum leiðum, en einnig vegna þess að við ógnum engum, höfum ekki annarlega hagsmuni, heimspólítísk ítök, hernaðarmátt eða forna frægð að verja.

En hitt ber að játa að við verðum að vanda okkur vel, einkum þegar við nú sækjumst eftir sæti í Öryggisráðinu, æðstu áhrifastofnun þjóða heims þar sem örlög ríkja eru ráðin, ætlum enn á ný að fara með forræði í Alþjóðabanka og gera okkur æ meira gildandi innan þeirra stofnana sem fjalla um fátækt þjóða, framför þeirra, velferð fólksins, menntun og heilsu.

Við höfum sagt að við viljum axla meiri ábyrgð en því fylgja skyldur og framlög okkar til þróunarmála verða þá lögð á vogarskálar, kastljósi beint að upphæðunum sem við leggjum fram. Þar er brýnt að gera bragarbót sem munar um. Annars er hætt við að orðstír okkar skaðist og það bitni á okkur ef við þurfum að keppa um sæti í Öryggisráði í atkvæðagreiðslu á Allsherjafingi.

Við þurfum að auka framlög okkar á allra næstu árum og leita nýrra leiða til að koma slíku í verk, leiða sem taka mið af getu okkar nú á tímum, kalla til verka á þessum vettvangi ungt og vel menntað fólk, bjóða öðrum þjóðum að senda menn til okkar.

Hér geta Háskóli Íslands, hið nýja Smárikjasetur og Stjórnsýslustofnunin, orðið framverðir í nýrri sókn því margar hinna snauðu þjóða þurfa miklu fremur á reynslu að halda og góðum ráðum, þjálfun í stjórnsýslu og stofnanarekstri en digrum fjárframlögum..

Við eigum að hafa víðsýni og hugmyndaauðgi til að klæða aðstoð okkar í nýjan búning og nýta okkur í því skyni nýjungar sem spröttið hafa upp í heimagarði, sameina hjálparhönd í annarra þágu og eflingu þekkingarsetra hér hjá okkur. Þannig getur aukin aðstoð og hagsmunir margra hér heima farið saman.

Ég vona að ráðstefnan um ríkar þjóðir og snauðar sem við hefjum nú verði hvati að nýjum áföngum í þróunarsamvinnu af Íslands hálfu, skapi frekari umræðu traustan grundvöll og stuðli einnig að því að við getum borið höfuðið hátt þegar við göngum til aukinna ábyrgðarstarfa á alþjóðavelli.

Í þessum anda og með ánægju og þökk í huga er það mér heiður að lýsa því yfir að ráðstefnan er hér með sett.